

um frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Mál það, er hér liggur fyrir háttv. Alþingi í frumvarpsformi, hefur ekki verið búið til flutnings með þeim hætti að sýnt sé að hagsmunir íslenska ríkisins hafi setið í fyrirrúmi við undirbúning þess. Umfjöllun málsins í iðnaðarnefnd Ed. hefur verið yfirborðsleg og flautursleg í senn, og hvergi nærri verið ætlaður nægur tími til þess að afla hlutlægra upplýsinga um hin þýðingarmestu atriði svo að sannprófa mætti fullyrðingar þess aðila, sem meginábyrgðina ber á þessu frumvarpi, þar sem er viðræðunefnd um orkufrekan iðnað.

Sam dæmi um þessi óhæfu vinnubrögð má nefna það, að synjað hefur verið í iðnaðarnefnd um fimm vikna frest til þess að líffræðistofnun Háskóla Íslands geti gengið úr skugga um mengunarhættu af völdum fyrirhugaðrar verksmiðju, en aðeins með slíkri athugun yrði háttv. alþingismönnum gert kleift að mynda sér rökstudda skoðun á því hvort hér sé stefnt í voða lífríki Hvalfjarðar og nærsveita. Tími sá og starfslið, sem Þjóðhagsstofnun hefur verið ætlað til að kanna málið, var með þeim hætti að stofnuninni hefur ekki gefist kostur á því að semja neins konar álitserð um áhrif fyrirhugaðrar stóriðju á atvinnuvegi landsins né byggðaform. Aðeins er vikið lauslega að samanburði á hagkvæmni fyrirhugaðrar stóriðju og sjávarútvegs, sem sýnir að visu stórkostlega yfirburði sjávarútvegsins hvað arðkvæmi snertir. Engin úttekt hefur verið gerð í þessu sambandi á stöðu landbúnaðarins, né heldur athugaðir neindir þeir kostir, sem völ kynni að vera á um notkun raforku til áburðarvinnslu, ylræktar eða heyköglaframleiðslu.

Upplýsingar, sem iðnaðarnefnd hafa verið veittar varðandi hagkvæmni á notkun raforku til húsahtunar í því skyni að leysa olíuna af hólmi, hafa verið byggðar að verulegu leyti á ágiskunum, og það komið fram í viðræðum við fulltrúa orkumálastjórnar, Landsvirkjunar og Seðlabanka, að alls engar ráðstafanir hafa verið gerðar til beinnar könnunar í því máli.

Við athugun á skjölum og í viðræðum við búningsmenn málsins hefur komið í ljós að óhæfilegur trúnaður hefur verið lagður á einhliða upplýsingar viðsejanda viðræðunefndar, Union Carbide, um þýðingarmikil efnisatriði, og það svo að í sjálfri greinargerðinni með frumvarpi þessu eru borin fram helber ósannindir um atriði, sem heill og hamingja þjóðar eru undir komin, svo sem staðhæfingin um skaðleysi þess ryks, er berast mun frá fyrirhugaðri verksmiðju, og síðan fylgt eftir með afkáralegum fullyrðingum um trúverðugheit Union Carbide í mengunarmálum, enda þótt fyrir liggja upplýsingar um að auðhringur þessi sé einn af skaðvænlegustu mengunarvöldum í heimi.

Sam dæmi um óhæfilegt sinnuleysi um hagsmuni lands og þjóðar í þessu sambandi má geta þess, að staðfest hefur verið í iðnaðarnefnd að ætlunin er að lög-gilda hér bandaríska mengunarstaðla í sambandi við þetta mál. Bandarísku mengunarstaðlarnir miða að því að draga úr iðnaðarmengun í Bandaríkjunum að því marki að lífi fólks, dýra og gróðurs þar í landi verði ekki lengur hætta búin — jafnframt því sem tekið verði tillit til hagsmuna mengunariðnaðarins þar í landi, sem rís að verulegu leyti undir efnahag risaveldisins. Verði þeir mengunarstaðlar lögfestir hér á landi, þá þýðir það í raun að auka mætti iðnaðarmengun á Íslandi upp að því marki, sem lífvænleg þykir í Bandaríkjunum.

Loks er þess að geta að mál þetta er sniðið með þeim hætti í hendur háttv. alþingismanna, að ljóst er að háttv. Alþingi er ekki ætlað að fjalla um það með þingræðislegum hætti, heldur aðeins að afgreiða, að forminu til, mál, sem sérfræðingaklíkur embættismannakerfisins hafa þegar leyft sér að taka endanlega ákvörðun um.

Af þessum sökum legg ég til að frumvarpið verði fellt. — En til vara, ef vera mætti að unnt reyndist að draga úr hættum þeim, sem felast í lagasetningu af þessu tæi, leyfi ég mér að bera fram nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, og verða þær prentaðar á sérstöku þingskjali.

Stefán Jónsson.